



Reglur um frístundastyrki Norðurþings

1. Markmið og tilgangur frístundastyrkja

- Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og unglingar í Norðurþingi geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.
- Jafnframt að ýta undir aukna hreyfingu og félagsþátttöku barna og unglunga.
- Með frístundastyrknum má greiða að hluta fyrir íprótta-, lista- og tómstundastarfsemi, á vegum félaga, samtaka og stofnana sem hafa gert samning um endurgreiðslu frístundastyrkja við Norðurþing.
- Frístundastyrkurinn eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íprótta-, lista- og tómstundastarfsemi.

2. Skilyrði fyrir veitingu frístundastyrkja

- Að iðkandi/styrkþegi eigi lögheimili í Norðurþingi eða stundi nám í leik-, grunn- og framhaldsskólum í Norðurþingi.
- Að félagið/stofnunin sem nýtur greiðslunnar hafi gert samning um endurgreiðslu frístundastyrkja við Norðurþing.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 2 – 18 ára miðað við fæðingarár. 2008-2024.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða.
- Að ekki verði óeðlilegar hækkningar á kostnaði við iðkun og æfingagjöldum.
- Styrkur getur aldrei orðið hærrí en þátttöku- eða æfingagjald viðkomandi íprótta- eða tómstundagreinar.
- Skipulagt frístundastarf þarf að ná yfir 8 vikur að lágmarki til að teljast styrkhæft.
- Óski námskeiðshaldari eftir að halda styttri námskeið en 8 vikur er hægt að sækja um undanþágu til fjölskylduráðs.
- Ungmenni fædd árin 2008, 2009, 2010 og 2011 geta nýtt styrkinn til kaupa á 3 – 12 mánaða kortum í líkamsræktarstöð. Stöðvarnar þurfa að veita iðkendum grunnfræðslu til iðkenda og sýna fagmennsku í sinni starfsemi.

3. Reglur um notkun frístundastyrkja

- Styrkurinn veitir foreldrum og forráðamönnum rétt til að ráðstafa ákveðinni upphæð á ári fyrir hvert barn. Skal sú upphæð ákveðin við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.
Fyrir árið 2026 er upphæðin kr. 35.000
- Notkun styrksins fer fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi Norðurbings eða viðkomandi félags.
- Með styrknum má greiða fyrir skipulagt frístundastarf hjá félagi/stofnun sem gert hefur samning við sveitarfélagið um notkun frístundastyrkja. Þetta á t.d. við um starfsemi viðurkenndra íþróttafélaga, æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla og fl. Yfirlit yfir samstarfsfélög og stofnanir má finna á vefsíðu Norðurbings.
- Þegar foreldri eða forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags þá er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra.
- Ráðstöfunarréttur fellur niður uppfylli styrkþegi ekki lengur skilyrði samkvæmt lið 2.

4. Framkvæmd skráningar og uppgjör frístundastyrkja

- Hvert félag/stofnun skal gera samning við Norðurþing, ætli það að taka þátt í frístundastyrkjakerfinu.
- Þar kemur fram nafn félags/stofnunar og um hvaða frístundastarf er að ræða.
- Til að taka við frístundastyrk verða félög/stofnanir að hafa rekstur undir eigin kennitölu.

5. Sérstakar aðstæður

- Vafamál eru tekin sérstaklega til umfjöllunar hjá Fjölskylduráði Norðurbings.

6. Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir

- Næsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2025.



Reglur samþykktar á 17.fundi æskulýðs- og menningarnefndar, 9.janúar 2018 .
Reglur staðfestar á fundi sveitarstjórnar 16. janúar 2018.
Reglur uppfærðar og breytt á 18.fundi Fjölskylduráðs Norðurþings 7.janúar 2019 og staðfestar í sveitarstjórn Norðurþings janúar 2019.
Reglur uppfærðar og breytt á 52.fundi Fjölskylduráðs Norðurþings 6.janúar 2020 og staðfestar í sveitarstjórn Norðurþings janúar 2020.
Reglur uppfærðar á 80.fundi Fjölskylduráðs Norðurþings 7.desember 2020 og staðfestar í 109.fundi Sveitarstjórnar Norðurþings 19.janúar 2021.
Reglur uppfærðar á 104.fundi Fjölskylduráðs Norðurþings, 15.nóvember 2021.
Reglur uppfærðar á 105.fundi Fjölskylduráðs Norðurþings 15.nóvember 2021 og staðfestar á 118.fundi Sveitarstjórnar Norðurþings 26.nóvember 2021.
Reglur uppfærðar á 138.fundi Fjölskylduráðs Norðurþings 17.janúar 2023 og staðfestar á 130.fundi Sveitarstjórnar Norðurþings 19.janúar 2023.
Reglur uppfærðar á 171. fundi Fjölskylduráðs Norðurþings 5. desember 2023 og staðfestar á 140. fundi Sveitarstjórnar Norðurþings 18. janúar 2024
Reglur uppfærðar á 205. fundi Fjölskylduráðs Norðurþings og staðfestar á 150. fundi sveitarstjórnar Norðurþings 16. janúar 2025
Reglur uppfærðar á 232.fundi Fjölskylduráðs Norðurþings 16.desember 2025 og staðfestar á 160.fundi Sveitarstjórnar Norðurþings 22.janúar 2026.

